

Brottflyttir umfram aðflutta frá 1862 til 2012

Samantektin er sýnd í neðangreindri töflu. Í efstu línu má sjá að á 4ra ára tímabili, á árunum 1873 til og með árinu 1876, voru brottflyttir umfram aðflutta 2,7% af íbúum landsins. Nokkrum árum seinna eða frá 1872 til 1889 var þetta hlutfall 6,1% og eru það mestu búferlaflutningar í sögu landsins sem hlutfall af íbúum á 4 árum en þetta voru 4.400 manns en þá bjuggu hér einungis um 70.000 manns. Á tímabili Vesturfaranna á 23 árum, 1872 til 1894, fluttust 14,8% af íbúum til útlanda umfram þá sem fluttu til landsins eða rúmlega 10 þúsund manns.

Hlutfall af íbúum landsins sem flytja af landi brott umfram þá sem flytja til landsins	Tímabil	Fjöldi brottflyttra umfram aðflutta	Athugasemdir
2,7%	4 ár-1873-1876	1.900	
6,1%	4 ár-1886-1889	4.400	
14,8%	23 ár-1872-1894	10.600	Búferlaflutningarnir til Vesturheims í lok 19. aldar
2,5%	4 ár-1900-1903	1.900	
1,8%	4 ár-1910-1913	1.500	
1,5%	4 ár-1968-1971	3.000	Síldarstofninn hrundi
1,5%	4 ár-1976-1979	3.400	
1,5%	4 ár-1994-1997	4.100	
0,9%	4 ár-2001-2004	2.500	
2,0%	4 ár-2008-2011	6.300	Hrunið árið 2008
3,0%	11 ár-2001-2011	9.100	Síðasti áratugur

Á 20. öldinni eru nokkrar kreppur þar sem fólk flytur til útlanda og er það sýnt neðar í töflunni. Á fyrstu árum aldarinnar á árunum 1900 til 1903 flytjast 2,5% af íbúum umfram aðflutta til útlanda. Í næstu kreppum er þetta hlutfall frá 0,9% upp í 1,8% á 4 ára tímabilum, t.d. 1,5% í kreppunni 1968 þegar síldin hrundi og mikið verðfall varð á fiskafurðum í Bandaríkjunum en á þeim 4 árum voru brottflyttir Íslendingar umfram aðflutta 3.000 manns.

Hrunið árið 2008 hefur haft miklar afleiðingar. Á 4ra ára tímabili, 2008-2011, hafa 2% af íbúum landsins með íslenskt ríkisfang flutt af landi brott umfram aðflutta eða samtals um 6.300 manns og eru áætlaðar tölur fyrir síðustu 3 mánuði ársins 2011. Þetta er langmesti fjöldi Íslendinga sem hefur flutt af landi brott á 4 árum í sögu landsins og fara þarf 100 ár til baka til að finna hærra hlutfall brottflyttra umfram aðflutta af íbúum landsins.

Gera má ráð fyrir að um helmingur af þessu fólki sé á vinnumarkaði og atvinnuleysi sem er nú um 7% væri líklega um 9% ef þessi brottflutningur hefði ekki orðið. Hugsanlega er fjöldinn meiri því ekki hafa allir brottflyttir skráð sig.

Frá 2001 í rúman einn áratug til og með árinu 2011 hafa á hverju ári fleiri Íslendingar flutt frá landinu en til landsins nema árið 2005. Samtals hafa rúmlega 9.000 fleiri Íslendingar flutt frá landinu en til þess á þessum 11 árum eða um 3% af þjóðinni. Ein skýring þessa er að fjölmargir fóru að vinna hjá íslenskum fyrirtækjum erlendis á þessum tíma. Núverandi staða er að mörgu leyti einsdæmi í sögu landsins.